



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Lokaskýrsla stjórnar Betadeildar fyrir árin 2014 – 2016, flutt á aðalfundi 20. maí 2016.

Ný stjórn Betadeildar tók til starfa í ágúst 2014 með því að halda sinn fyrsta stjórnarfund. Stjórnina skipa Björk Sigurðardóttir formaður, Aníta Jónsdóttir varaformaður, Ragnheiður Sigurðardóttir ritari og María Gunnarsdóttir meðstjórnandi. Með stjórninni starfa Jónína Hauksdóttir fráfaramaður og Margrét Kristín Jónsdóttir gjaldkeri.

Fyrsta verk stjórnar var að leggja drög að starfsáætlun vetrarins ásamt því að koma með tillögu að þema sem félagið gæti starfað eftir næstu tvö árin. Þemað sem varð fyrir valinu bar yfirskriftina Móðir jörð og var hugmyndin að fræðast og fjalla um umhverfismál í víðum skilningi.

Þessi tvö starfsár var starf deildarinnar öflugt eins og undanfarin ár og voru deildarfundir með hefðbundnu sniði þ.e. þrír fundir fyrir áramót skipulagðir af stjórn, jólafundir skipulagðir sameiginlega af stjórnnum Beta- og Mýdeilda, fjórir fundir eftir áramót sem umsjónarhópar sáu um og lokafundir sem skipulagðir voru af stjórn. Samanlagt voru þetta níu fundir á vetri.

Ýmsir góðir gestir heimsóttu okkur þessi tvö starfsár og fræddu okkur um ýmis málefni sem tengdust umhverfismálum eða annað sem okkur fannst áhugavert að fræðst um. Þrátt fyrir að ákveðið þema sé haft í fyrirrúmi þýðir það ekki að nauðsynlegt sé að allir fundir séu helgaðir því viðfangsefni.

Fyrra starfsárið fengum við til okkar Brynhildi Bjarnadóttur lektor við Háskólann á Akureyri, Kristínu Sigfúsdóttur menntaskólakennara og Edward Huijbens prófessor og forstöðumann Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Seinni veturinn komu til okkar á fundi Gígja Kjartansdóttir Kvam eigandi Urtasmiðjunar, Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga og Kristín Margrét Jóhannsdóttir aðjúnt við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Halldóra okkar Haraldsdóttir var með áhugavert erindi í febrúar þar sem hún rakti þróun og breytingar á skólastarfi þroskaheftra einstaklinga en Halldóra hefur starfað á því sviði nánast alla sína starfsævi. Allir þessir aðilar voru með fróðleg og skemmtileg erindi sem gera okkur Betasystur fróðari og víðsýnni.

Margar skemmtilegar hefðir eru innan deildarinnar og ein af þeim er að hefja vetrarstarfið á haustferð og var engin undantekning á því þessi tvö ár.

Fyrra haustið fórum við í Svarfaðardalinn þar sem Margrét okkar kona úr Betadeild var með leiðsögn. Hún sagði okkur frá staðhátum, bæjum á leiðinni og tengdi þá fólki og merkjum atburðum. Fyrsti viðkomustaður okkar var kirkjustaðurinn á Tjörn og þar tóku Kristján Hjartarson og Kristjana Arngrímsdóttir á móti okkur. Gengið var til kirkju og sagði Kristján

okkur sögu hennar og staðarins. Eftir það sungu þau hjónin fyrir okkur nokkur lög og lék Kristján undir á gítar. Næst var haldið að Húsabakka og fuglasafnið skoða og að skoðun lokinni færðum við okkur í sal á staðnum og hófst fyrsti formlegi fundur Betadeildar. Þar voru m.a. kynnt drög að vetrardagskrá og þema vetrarins var samþykkt.

Seinni haustferð okkar var farin inn í Eyjafjarðarsveit og þar heimsóttum við listakonuna Höddu og hún gekk með okkur um landareign sína þar sem búið er að byggja hin ýmsu hús stór og smá. Hún sýndi okkur býflugnaræktina sína og aðalvinnustofuna sem heitir Dyngjan listhús. Þaðan var haldið að Laugarlandi á meðferðarheimili fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára. Tveir starfsmenn tóku á móti okkur og ein stúlka af heimilinu og þau sögðu okkur frá þeirri merku starfsemi sem þarna fer fram. Eftir þessar skemmtilegu og fróðlegu heimsóknir héldum við að Öngulsstöðum þar sem hinn formlegi fundur hófst á veitingastaðnum Lamb-inn.

Sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýdeilda er orðinn fastur liður og óhætt að segja hann sé orðinn að hefð. Á þessum fundum höfum við náð að skapa skemmtilega stemningu með tónlistarflutningi, sögum, góðum mat, kertaljósi og öðru huggulegu sem fylgir aðventunni. Á fyrri jólafundinum sáu félagskonur úr báðum deildum um að segja okkur frá eftirminnilegum jólaminningum og á seinni jólafundinum fengum við til okkar Dusönku Kotaras sem var í hópi þeirra 24 flóttamanna sem komu árið 2003 til Akureyrar frá fyrrum Júgóslavíu. Tónlistarflutningur hefur verið í höndum félagskvenna deildanna enda óþarfi að leita út fyrir hópinn þar sem við erum með einstaklega hæfileikaríka einstaklinga í báðum deildum.

Á þessum tveimur starfsárum var eitt Landsambandsþing haldið í Reykjavík sem og eitt vorþing en ekki náðist að safna mörgum konum úr Betadeild á þau. En Betasystur eru öflugur hópur og hefur hann ásamt Mýdeild boðist til að halda Landsambandsþingið vorið 2017 á Akureyri. Hópur góðra kvenna þær Jónína Hauksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Elín Elísabet Magnúsdóttir og Dagbjört Ásgeirsdóttir úr Mýdeild hafa tekið að sér að skoða að skoða húsnaði og gistimöguleika.

Á þessu stjórnartímabili var góð mæting á fundi eða að meðaltali u.þ.b. 18 eða 19 félagskonur á hverjum fundi. Félagskonur voru virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Á fundi nú í apríl mættu 26 konur en það er met þátttaka og afar ánægjulegt þegar svo margar sjá sér fært að mæta

Betakonur hafa verið öflugar í að taka þátt í nefndum á vegum landsambandsins og alþjóðasamtakanna. Í erlendu nefndunum er Eygló Björnsdóttir í World fellowship nefndinni og Rósa Júlíusdóttir er tengiliður Íslands við The Arts and Humanities Jury sem er dómnefnd sem velur verk til að fara í listagallerýið okkar á vefnum. Á vegum landssambandsins situr Elín Elísabet Magnúsdóttir í félaga- og útbreiðlunefnd og María Steingrímsdóttir í námsstyrkjanefnd. Eins og við allar vitum státum við okkur af landsambandsforsetanum en það er hún Eygló okkar og verð ég að segja að það er ótrúlega gott að hafa hana í brúnni. Hún heldur okkur formönnunum vel upplýstum, er hvetjandi og gott að leita til hennar með hin ýmsu mál. Takk elsku Eygló fyrir alla hjálpin.

Tvær konur bættust í okkar góða hóp á tímabilinu en það eru þær Elín Elísabet Magnúsdóttir og Hugrún Sigmundsdóttir. Þær Guðrún Björnsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir fluttu suður á tímabilinu og sagði Guðrún sig úr félaginu en Ragnheiður er enn í deildinni. Við lok þessa starfsárs eru 29 félagar í Betadeild.

Á fundi í apríl 2015 var viðfangsefnið að skoða hvernig við getum gert Delta Kappa Gamma samtökin sýnilegri úti í samfélaginu. Félagskonur ræddu þetta í hópum og komu fram margar skemmtilegar hugmyndir. Mikill áhuga var t.d. á að halda hátíðlegan alþjóðalegan dag kennara sem er 5. október ár hvert. Skipuð var undirbúningsnefnd úr Beta- og Mýdeildum en fyrir okkar hönd sitja í henni Þorgerður Sigurðardóttir, Selma Hauksdóttir og Hugrún Sigmundsdóttir. Vinna við þetta frábæra framtak er á góðu skriði og stefnt er að því að halda upp á daginn nú í haust.

Áður en ég lýk máli mín langar mig að segja að þessi tvö ár sem formaður hafa verið mjög lærdómsrík fyrir mig. Ég hef kynnst samtökunum betur, öðlast reynslu og þekkinu, átt öflugt og gott samstarf við stjórn félagsins og tekið að mér ábyrgð og skyldur sem ég vona að ég hafi staðið undir. Mér finnst alltaf jafn gott að koma á fundi í Betadeild og eyða stund með ykkur kæru Betasystur og ég veit að samtökin okkar eiga eftir að blómstra um ókomin ár.

Að lokum vil ég þakka stjórnarkonum þeim Anítu, Ragnheiði, Maríu, Jónínu og Margréti og öllu Betakonum fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Þar sem þær María, Jónína og Margrét eru að hætta í stjórn langar mig að biðja þær að koma hér til mín og veita viðtöku rós, tákni samtaka okkar.

Eyjafjarðarsveit 20. maí 2016.

Fyrir hönd stjórnar 2014 - 2016

Björk Sigurðardóttir

Formaður Betadeildar